

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/30/46

frá 12. september 2003

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sjö vörur sem veita á evrópskt tæknisamþykki án viðmiðunarreglna (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 3247)

(2003/656/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE, og velja auðveldustu aðferðina sem samrýmist öryggissjónarmiðum. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða ákveðins vöruhóps, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og nægilegt skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum samþykkt vottunaraðila af ástæðum er varða samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.
- 2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umbodunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að tilgreina þær vörur eða þá vöruhópa sem um getur í tækniforskriftunum.
- 3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt, að því er varðar hverja vöru eða hvern vöruhóp, þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.
- 4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og í öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. liðar III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna, sem eru tilgreind í i-lið 2. liðar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. liðar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruhópa, sem eru tilgreindir í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandinn ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju sem tryggir að vara sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruhópa, sem eru tilgreindir í II. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir þátttöku samþykkt vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandinn starfrækir.

3. gr.

Í evrópsku tæknisamþykki skal tilgreina hvaða aðferð skuli nota til að staðfesta samræmi skv. III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. september 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 231, 17.9.2003, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

I. VIÐAUKI

- Vatnsfælin yfirborðsefni – vatnsfælin efni úr málmlifrænum efnum (EOTA-tilv. **06.05/02**): til notkunar við meðhöndlun gropinna byggingarefna, aðallega á úthliðum.
- Þéttingarbúnaður, þéttprófilar og þéttborðar (EOTA-tilv. **06.05/01** og **06.05/04**): til notkunar sem þéttisamskeyti við byggingarvinnu, þ.m.t. á veðurhlíf til að ná fram veðurþéttleika.

II. VIÐAUKI

- Lóðrétt glereining með punktfestingu (EOTA-tilv. **04.04/25**): til notkunar á loftræsta léttveggi eða lóðrétt glerskilrúm (space-enclosing vertical glazing).
 - Punktfestingar (EOTA-tilv. **06.02/03**): til notkunar við festingar á upphengdri klæðningu.
 - Yfirborðsmeðhöndlunarkerfi sem kemur í veg fyrir rafstöðuhleðslu í mannvirkjum sem notuð eru fyrir geymslu, áfyllingu og meðhöndlun vatnsspillandi vökva (EOTA-tilv. **06.05/13**): notað til að þétta söfnunarker og söfnunarrými sem og til að þétta yfirborð járnbenntar steinsteypu þegar um meðhöndlun tiltekinn vatnsspillandi vökva er að ræða.
 - Yfirborðsmeðhöndlunarkerfi fyrir mannvirki sem notuð eru fyrir geymslu, áfyllingu og meðhöndlun vatnsspillandi vökva (EOTA-tilv. **06.05/14**): til notkunar við þéttingu söfnunarkera og söfnunarrýma sem og yfirborðs járnbenntar steinsteypu þegar um meðhöndlun tiltekinn vatnsspillandi vökva er að ræða.
 - Þéttiefni og -prófilar fyrir samskeyti (EOTA-tilv. **06.05/11** og **06.05/12**): til notkunar við þéttingu mannvirkja eða hluta þeirra sem notuð eru fyrir geymslu, áfyllingu og meðhöndlun vatnsspillandi efna.
-

III. VIÐAUKI

Athugasemd: Þegar um er að ræða vörur sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda, sem eru tilgreind fyrir eftirtalda vöruhópa, annast samþykktur aðili öll þau verkefni sem rekja má til viðkomandi kerfa til staðfestingar á samræmi.

Vöruhópur: vörur sem veita á evrópskt tæknisamþykki án viðmiðunarreglna (1/2)*Kerfi til staðfestingar á samræmi*

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki (EOTA) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi evrópsku tæknisamþykki:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Lóðrétt glereining með punktfestingum (EOTA-tilv. 04.04/25)	Í byggingarmannvirkjum	—	1
Punktfesting (EOTA-tilv. 06.02/03)	Í byggingarmannvirkjum	—	2+
Vatnsfælin yfirborðsefni, vatnsfæliefni úr málmflífrænum efnnum (EOTA-tilv. 06.05/02)	Í byggingarmannvirkjum	—	4
Yfirborðsmeðhöndlunarkerfi sem kemur í veg fyrir rafstöðuhleðslu í mannvirkjum sem notuð eru fyrir geymslu, áfyllingu og meðhöndlun vatnsspillandi vökva (EOTA-tilv. 06.05/13)	Í byggingarmannvirkjum	—	2+
Yfirborðsmeðhöndlunarkerfi fyrir mannvirki sem notuð eru fyrir geymslu, áfyllingu og meðhöndlun vatnsspillandi vökva (EOTA-tilv. 06.05/14)	Í byggingarmannvirkjum	—	2+
Þéttingarbúnaður, þéttiprófilar og þéttiborðar (EOTA-tilv. 06.05/01 og 06.05/04)	Í byggingarmannvirkjum	—	4
Þéttiefni og –prófilar fyrir samskeyti (EOTA-tilv. 06.05/11 og 06.05/12)	Í byggingarmannvirkjum	—	2+

1. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, i-lið 2. liðar III. viðauka, án úttektarprófunar á sýnum.

Kerfi 2+: Sjá tilskipun 89/106/EBE, fyrsta kost í ii-lið 2. liðar III. viðauka, þ.m.t. vottun samþykks aðila á framleiðslustýringu verksmiðjunnar á grundvelli fyrstu skoðunar á verksmiðju og framleiðslustýringu í verksmiðjunni auk stöðugs eftirlits með, mats á og samþykkis framleiðslustýringar í verksmiðjunni.

4. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost í ii-lið 2. liðar III. viðauka.

Forskriftn fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnnum.

Vöruhópur: vörur sem veita á evrópskt tæknisamþykki án viðmiðunarreglna (2/2)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi evrópsku tæknisamþykki:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Lóðrétt glereining með punktfestingu (EOTA-tilv. 04.04/25)	Til notkunar sem heyrir undir reglur um viðbrögð við bruna	A1 (*), A2 (*), B (*), C (*) A1 (**), A2 (**), B (**), C (**), D, E (A1 til E) (***) F	1 3 4
Punktfesting (EOTA-tilv. 06.02/03)			
Vatnsfælin yfirborðsefni, vatnsfæliefni úr málmlífrænum efnunum (EOTA-tilv. 06.05/02)			
Yfirborðsmeðhöndlunarkerfi sem kemur í veg fyrir rafstöðuhleðslu í byggingum sem notaðar eru við geymslu og meðferð vatnsspillandi vökva (EOTA-tilv. 06.05/13)			
Yfirborðsmeðhöndlunarkerfi fyrir mannvirki sem notuð eru fyrir geymslu, áfyllingu og meðhöndlun vatnsspillandi vökva (EOTA-tilv. 06.05/14)			
Þéttingarsett, þéttiprófilar og þéttiborðar (EOTA-tilv. 06.05/01 og 06.05/04)			
Þéttiefni og þéttiprófilar fyrir samskeyti (EOTA-tilv. 06.05/11 og 06.05/12)			

1. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, i-lið 2. liðar III. viðauka, án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, annan kost í ii-lið 2. liðar III. viðauka.

4. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost í ii-lið 2. liðar III. viðauka.

(*) Vörur/efni, sem vegna ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu, fá hagstæðari flokkun með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. þegar logavarnarefnum er bætt við eða við takmörkun á lífrænum efnunum).

(**) Vörur/efni, önnur en þau sem neðanmálgrein (*) vísar til.

(***) Vörur/efni sem ekki þarf að prófa með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. vörur/efni sem teljast til flokks A1 skv. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB, með áorðnum breytingum).

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölonum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.